

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar  
Breiðumörk 20  
810 Hveragerði

Garðabær, 23. júní 2023  
Málsnúmer: 202305-0063  
SS

## Efni: Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Árhólma í Hveragerði

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar, dags. 30. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Árhólmasvæðis í Hveragerði.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir um deiliskipulag svæðisins vegna mismunandi framkvæmda t.d. þann 29. desember 2021 vegna uppbyggingu mannvirkja tengt svifbraut og stækkaðs bílasæðis og 21. september 2022 vegna stækkun á lóð fyrir þjónustuhús og aukningu bílastæða. Þá hafa verið gerðar umsagnir fyrir tengdar aðalskipulagsbreytingar.

Það deiliskipulag sem hér er til kynningar fylgir markmiðum aðalskipulags sveitarfélagsins um umtalsverða uppbyggingu á ferðaþjónustu á Árhólmasvæðinu. Svæðið er í dag frekar lítt snortið fyrir utan nyrsta hluta þess þar sem í dag eru bílastæði og þjónustuhús sem reist var 2021 og framkvæmdir tengt svifbraut að hefjast.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í kafla 4.6 um náttúruverndarsvæði segir að nálægt svæði í Grændal sé á B-hluta náttúruuminjaskrár. Hið rétta er að svæðið hefur verið tilnefnt fyrir B-hlutann en afgreiðslu hans á Alþingi er ekki lokið.

Deiliskipulagið felur í sér umtalsverða uppbyggingu á svæðinu og í því felst töluvert rask á lítt snortnu landi og miklar breytingar á ásýnd svæðisins þar sem mannvirkjum mun fjölga mikið. Í raun myndast lítill þéttbýliskjarni á svæði sem í dag er að mestu óbyggt.

Jákvætt er að í skilmálum um frágang lóða og opinna svæða sé lögð áhersla á að raska eins litlu af náttúrulegu gróðurfari og hægt er og varðveita gróðurþekjuna. Einnig að við gróðursetningu trjáa og runna eigi að leggja áherslu á innlendar tegundir.

Stefnt er að því að starfækja heilsumiðstöð með náttúrulegum og nýta jarðhitavatn. Ekki liggur fyrir enn hvaðan heita vatnið verður tekið og mögulega þarf að bora sérstaklega eftir heitu vatni innan deiliskipulagssvæðisins. Staðsetningar mögulegra borhola liggja ekki fyrir og mikilvægt að slíkt sé kynnt þegar og ef af því verður.

Við svo umfangsmikla breytingu sem deiliskipulagið felur í sér er mikilvægt að meta vel umhverfisáhrif. Töluverðu svæði verður raskað þar sem í dag er náttúruleg gróðurþekja. Miðað við athuganir á vettvangi virðist einkum vera um mólendi og vallendi að ræða sem ekki hafa sérstaklega hátt verndargildi. Engu að síður verður svæðinu raskað og því jákvætt að skilmálar um frágang og opin svæði skilgreina mótvægisáðgerðir.



Plöntur á valista hafa fundist í næsta nágrenni deiliskipulagssvæðisins þ.m.t. tegundir sem eru friðaðar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, moa og flétta nr. 1285/2021 en það eru flóajurt (*Persicaria maculosa*) og laugadepla (*Veronica anagallis-aquatica*) sem báðar vaxa á jarðhitasvæðum. Þar sem framkvæmdir geta haft áhrif á jarðhitagróður ber að athuga hvort þessar plöntur finnast á svæðunum og forðast að raska vaxtarstöðum þeirra. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um þetta.

Áhrif á landslag er metið óverulegt til neikvætt og getur Náttúrufræðistofnun tekið undir það enda verður mikil breyting á ásýnd svæðisins. Áhrif fráveitu eru talin óveruleg vegna fyrirkomulags með notkun blágrænna ofanvatnslausna og hreinsivirkis. Afar brýnt er að mati Náttúrufræðistofnunar að hlífa Varmá og lífríki hennar við álagi vegna uppbyggingarinnar enda á C-hluta náttúruminjasrár.

Ekki er fjallað um möguleg áhrif á fuglalíf og það ekki verið kannað sérstaklega. Líklegt er að eitthvað mófuglavarp sé í Arhólmmum og munu varplönd því raskast. Þá getur fuglalíf við Varmá orðið fyrir truflunum af aukinni umferð á svæðinu og návist við nýjan þéttbýliskjarna. Æskilegt væri að vakta fuglalíf svæðisins og fara þarf gætilega á framkvæmdatíma.

Markmið deiliskipulagsins er m.a. að bæta þjónustu fyrir gesti Reykjadal en þangað sækir mikill fjöldi ferðafólks og álag á náttúru svæðisins mikið m.a. á viðkvæm jarðhitasvæði. Mikilvægt er að þetta markmið náist með því að stuðla að betri upplýsingagjöf og stýringu ef þörf er á. Náttúruverndargildi Reykjadal sem og nálægri jarðhitasvæða í Hengladölum og Grændal er mjög hátt og samhliða uppbyggingu á þjónustu við Árhólma og nauðsynlegri innviðaupbyggingu í Reykjadal ætti að horfa til þess að styrkja náttúruvernd svæðisins t.d. með friðlýsingu í samráði við Umhverfisstofnun eða með einstökum verndaraðgerðum s.s. auknu eftirliti með landvörslu, endurheimt viðkvæms gróðurs, verndarinnviðum kringum viðkvæm jarðhitasvæði og aðrar náttúruminjar, aukinni almennri stýringu o.fl. Fjallað er um sumar af þessum aðgerðum t.d. stýringu með stígagerð og lokunum í deiliskipulaginu og er það jákvætt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en er reiðubúin til frekari ráðgjafar ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

